

Reglugjörð

um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæði kaupstaðarins skal greiða vatnsskatt árlega. Skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hjer segir:

1. fl.	Hús, sem eru virt alt að	7500 krónum	6%
2. —	— — — — — yfir	7500 til 10000	5%
3. —	— — — — —	10000 krónur:	·
	Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins	4%
	— næstu 10000 —	— — — —	3%
	— því sem þar er yfir	2%

3. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald, og skal það venjulega ákveðið með samningi; sömuleiðis vatnsskattur fyrir hreyfivjelar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að vatnsskattur sje greiddur í tæka tíð.

5. gr.

Árið reiknast frá 1. apríl til 31. mars, og skal vatnsskattur greiddur í einu lagi fyrir 15. sept. ár hvert.

6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 5 krónur fyrir hverja smálest vatns, eða hluta úr smálest, þó þannig, að vjelskip, sem stunda síldveiðar, greiði minst 40 kr., eimskip 60, fyrir veiðitímann. Gjaldið greiðist þegar þess er grafið. Innlend skip, sem taka vatn að stað-aldri úr vatnsleiðslunni, geta fengið ívilnun á verðinu, með samkomulagi við bæjarstjórnina. Bæði útgerðarmaður, skipstjóri og skipseigandi, bera ábyrgð á greiðslu vatnsgjaldsins.

7. gr.

Af hverri saltaðri síldartunnu í Siglufirði greiðist 3 — þrír — aurar í vatnsgjald og greiðist gjaldið þegar þess er krafist.

8. gr.

Bæjarstjórninni er heimit, án samþykkis stjórnarráðsins, að hækka eða lækka vatns-
gjaldið um allt að 10% fyrir eitt ár í senn, þó nær hækkuin ekki til húsa í 1. flokki. 30. júní 69

9. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá leiðslum kaupstaðarins inn í hús, nema sá eða þeir,
sem bæjarstjórn felur þann starfa á hendur.

10. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrek
aða áminningu eyða vatni til muna að óþörfu.

11. gr.

Vatnsskatt þann, er ekki er greiddur í tæka tíð, má taka lögtaki, eins og önnur
gjöld til bæjarsjóðs.

12. gr.

Bæjarstjórnin hefir einkarjett til neysluvatnssölu í kaupstaðnum og til skipa á höfninni.

13. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar kaupstaðarins, vatnsþróna, brunahana eða
önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu,
sæta sektum allt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögum.
Sömu sektum sætir sá, sem brýtur gegn einkarjetti bæjarstjórnarinnar til neysluvatnssölu.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hjer-
með til að öðlast gildi 1. júlí 1921, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30 júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson,